

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 260/2012, um úðabrusa, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka reglugerðarinnar:

a) Liður 2.2. orðast svo:

2.2. Áletranir.

Með fyrirvara um ákvæði efnalaga, nr. 61/2013, með síðari breytingum, skulu eftirfarandi áletranir vera á öllum úðabrusum með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum:

- Ef úðafnið flokkast sem „óeldfimt“ samkvæmt viðmiðunum í lið 1.9.: viðvörunarorðið „varúð“ og önnur merkingaratriði fyrir úðabrusa í 3. undirflokki sem kveðið er á um í töflu 2.3.1. í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52 frá 20. september 2012, 2012/EES/52/01, bls. 1-1355.
- Ef úðafnið flokkast sem „eldfimt“ samkvæmt viðmiðunum í lið 1.9.: viðvörunarorðið „varúð“ og önnur merkingaratriði fyrir úðabrusa í 2. undirflokki sem kveðið er á um í töflu 2.3.1. í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52 frá 20. september 2012, 2012/EES/52/01, bls. 1-1355.
- Ef úðafnið flokkast sem „afar eldfimt“ samkvæmt viðmiðunum í lið 1.9.: viðvörunarorðið „hætta“ og önnur merkingaratriði fyrir úðabrusa í 1. undirflokki, sem kveðið er á um í töflu 2.3.1. í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52 frá 20. september 2012, 2012/EES/52/01, bls. 1-1355.
- Ef úðabrusinn er neysluvara: varnaðarsetningin V102 sem kveðið er á um í töflu 6.1. í 1. hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52 frá 20. september 2012, 2012/EES/52/01, bls. 1-1355.
- Viðbótarvarúðarráðstafanir, sem vekja athygli neytenda á sérstakri hættu, sem varan hefur í för með sér og þegar úðabrusa fylgja sérstakar notkunarleiðbeiningar skulu slíkar varúðarráðstafanir einnig koma fram í þeim.

b) Liður 3.1.2. orðast svo:

Þrýstingur í úðabrusanum við 50°C skal ekki fara yfir gildin sem kveðið er á um í eftirfarandi töflu, að teknu tilliti til innihalds lofttegunda í úðabrusanum:

INNIHALD LOFTTEGUNDA	Þrýstingur við 50°C
Fljótandi lofttegund eða blanda lofttegunda sem hafa sprengisvið í andrúmslofti við 20°C og staðalþrýsting upp á 1,013 bör	12 bör
Fljótandi lofttegund eða blanda lofttegunda sem hafa ekki sprengisvið í andrúmslofti við 20°C og staðalþrýsting upp á 1,013 bör	13,2 bör
Þjappaðar lofttegundir eða lofttegundir sem eru uppleystar undir þrýstingi sem hafa ekki sprengisvið í andrúmslofti við 20°C og staðalþrýsting upp á 1,013 bör	15 bör

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr., 34., 38., 47. og 48. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins til innleiðingar á tilskipun 2016/2037/ESB um breytingu á tilskipun ráðsins 75/324/EBE að því er varðar leyfilegan hámarksþrýsting í úðabrúsum og til þess að aðlaga ákvæði hennar um merkingu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, sem vísað er til í 1. tölul. VIII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 10/2018.

Velferðarráðuneytinu, 3. apríl 2018.

Ásmundur Einar Daðason
félags- og jafnréttismálaráðherra.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 17. apríl 2018